

## Kennsluáætlun

### Markmið

Í þessum áfanga er fjallað um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er rædd og fjallað verður um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hafgræðilegum upplýsingum. Nemendur hagnýta sér internetið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga. Undanfari áfangans grunnáfangi í hagfræði, Hagf2ha05.

**Þekkingarviðmið:** Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- fyrirtæki sem efnahagsheild og hvernig það þrífst í samkeppni við önnur fyrirtæki í samfélagsheildinni.
- helstu þáttum er varðar innra skipulag og ytri aðstæður fyrirtækja
- helstu flokkum atvinnugreina, kynnist umhverfi og starfsgrundvelli fyrirtækja, stefnumótun og markmiðssetningu, kostnaðargreiningu og grunnþáttum bókhalds

**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- taka þátt í efnahagssumræðu út frá faglegu sjónarmiði og með gagnrýnni hugsun
- þekkja þær aðferðir sem notaðar eru í innra skipulagi fyrirtækja og framleiðslu
- þekkja til hugtaka í fjárhagslegum rekstri fyrirtækja og þjálfist í einföldum útreikningum
- ná að tengja hugmyndir rekstrarhagfræðinnar við raunverulegan rekstur og framleiðslu fyrirtækja
- þekkja það viðskiptaumhverfi sem fyrirtæki búa við á Íslandi í dag
- Hagnýta sér internetið til öflunar þekkingar á hafgræðilegum upplýsingum á ábyrgan og gagnrýnin hátt

**Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt almenn þekkingu sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir grunnatriðum rekstrarhagfræðinnar
- geta tjáð skoðanir sínar á skýrann og skilmerkilegan hátt
- gera sér grein fyrir hlutverki hagfræðinnar í samfélaginu

## Námsbækur:

Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla. Helgi Gunnarsson, 2011.

Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla. Vífill Karlsson, 2017.

## Skipulag áfangans

Í þessum áfanga verður skipulag og vinna í anda leiðsagnarmats (formative assessment) og verður áhersla lögð á ábyrgð nemanda á framvindu eigin náms. Hefðbundnar einkunnir eru ekki gefnar á önninni en nemendur fá endurgjafir í formi umsagna. Umsagnir falla í þrjá flokka:

Stenst ekki lágmarkskröfur - ennþá: Nemandi þarf að vinna áfram með verkefnið.

Kominn áleiðis: Nemandi þarf að betrumbæta verkefnið.

Gengur vel: Undir nemanda komið hvort hann vinnur meira með verkefnið.

Endurgjöf á að endurspegla stöðu nemanda og nemandi og á ekki að velkjast í vafa um framvindu náms.

Skipulag áfangans er hluti af tilraunaverkefni sem nokkrir kennarar við FSu taka þátt í á önninni.

Nemandi ber sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með framvindu í áfanganum.

## Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi án hefðbundins lokaprófs. Áhersla er lögð á að nemendur taki virkan þátt í verkefnum og umræðum. Á önninni verða lögð fyrir 3 próf.

Próf: 60 % (hvert próf gildir 20% af lokanámsmati)

Skilaverkefni: 40 %

## Sérreglur áfangans

Nemandi skal ná lágmarkseinkunn 4,5 að meðaltali úr hlutum námsmats til að standast áfangann. Nemandi sem ekki kemst í próf vegna **veikinda** eða **leyfa frá skóla** gefst kostur á að taka viðkomandi próf í lok annar. Engar undanþágur verða gefnar frá þessu. Um próf í lok annar gilda reglur skólans um sjúkrapróf. Mæti nemandi ekki í próf fær hann einkunnina 0.

Með fyrirvara um breytingar á önninni.

**Kennari:** Þórey Hilmarsdóttir [tho@fsu.is](mailto:tho@fsu.is)